

Efnahagsáætlun

Nóvember 2011



EfNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	5
2.	Megináherslur efnahagsáætlunar	5
3.	Horfur í efnahagsmálum til skamms tíma	7
	Helstu þjóðhagsstærðir – samanburður á spám	9
4.	Fjárfestingar og samkeppnishæfni	9
	Fjárfestingaráætlun	10
	Samkeppnishæfni og gengi krónunnar.....	10
	Opinber innkaup og kynjuð hagstjórn.....	11
	Skattaumhverfi atvinnulífsins.....	11
	Fjármögnunarskilyrði og opinberar framkvæmdir	11
	Bein erlend fjárfesting.....	12
	Sókn í orku- og iðnaðarmálum	12
	Græna hagkerfið.....	12
	Lög um stjórn fiskveiða.....	13
	Skapandi greinar.....	13
	Ferðapjónusta.....	13
	Hagtöluúrbætur.....	13
5.	Áherslur í opinberum fjármálum.....	14
	Fjármálareglur fyrir opinbera aðila	14
	Skuldir hins opinbera.....	14
	Skattaumhverfi einstaklinga og einstaklinga starfandi í eigin félögum.....	14
	Skattaumhverfi fyrirtækja	15
	Nýr fjársýsluskattur	15
	Breytingar á bótafjárhæðum.....	15
	Endurskoðun opinberra innkaupa.....	15
	Samræmd skattlagning auðlinda.....	15
6.	Vinumarkaður, menntun og velferð.....	16
	Aðgerðir til að draga úr áhrifum langtímaatvinnuleysis.....	16
	Efling menntunar.....	16
	Réttarstaða starfsmanna	17
	Fjölgun starfa.....	17
	Búferlaflutningar	17
	Langtímaatvinnuleysi og samspil við bótakerfið	17

Samræming lífeyrisréttinda	17
Barnatryggingar	18
Tekjuskipting og jafnrétti kynjanna	18
Stefnumótun í húsnæðismálum	18
Húsnæðisbótakerfi	19
7. Skuldaaðlögun heimila og fyrirtækja.....	19
Skuldaaðlögun heimila	19
Niðurfærsla lána heimilanna	20
110% leiðin	20
Breytingar á sértækri skuldaaðlögun	20
Frysting lána	21
Greiðsluaðlögun	21
Skuldaaðlögun fyrirtækja	21
8. Endurreist fjármálakerfi.....	22
Fjárhagslegri endurskipulagningu flýtt	22
Ný eigendastefna ríkisins.....	22
Áhættustýring eflid.....	22
Hert ákvæði um innri og ytri endurskoðun	23
Eiginfjárhlutföll lækkuð	23
Nýtt innstæðutryggingakerfi innleitt.....	23
Endurskipulag eftirlits á fjármálamarkaði	23
Endurskipulagning Íbúðalánasjóðs.....	23
Sterkari löggjöf um íbúðalánamarkaðinn að danskri fyrirmynd.....	24
Dregið verði úr vægi verðtryggingar og aukin fjölbreytni í lánakostum.....	24
9. Umgjörð peningastefnu og afnám gjaldeyrishafta.....	24
Umgjörð Seðlabanka Íslands	24
Peningamálastefna til framtíðar.....	25
Áætlun um afnám hafta	25
10. Aðgerðir í tengslum við efnahagsáætlun	26

1. Inngangur

Sú efnahagsáætlun sem hér er kynnt er að uppistöðu samhljóða þjóðhagsáætlun sem lögð var fram á Alþingi 4. október 2011 (þskj 2). Bætt hefur verið við kafla um efnahagshorfur til skamms tíma auk þess sem hér er að finna nánari útfærslu á þeim atriðum sem fjallað er um í þjóðhagsáætlun. Í viðauka er einnig að finna yfirlit um einstakar aðgerðir sem tengjast áætluninni, hvaða ráðuneyti eða stofnanir beri ábyrgð á verkefninu og hvenær verklok séu áætluð.

Efnahagsáætlunin mótast eins og gefur að skilja af öðrum áætlunum og viðfangsefnum á þessu sviði sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um. Þannig má segja að áætlunin sé eins konar samnefni fyrir mikilvægustu verkefni ríkisstjórnarinnar á sviði efnahagsmála á hverjum tíma. Þetta á ekki hvað síst við um fyrirbyggjandi áætlun þar sem hér er um nýtt verklag að ræða. Til framtíðar má búast við því að áherslur efnahagsáætlunarinnar verði mótandi fyrir stefnuna í efnahagsmálum og hagstjórn almennt og áætlunin verða skýrari og sértækari. Þannig mun efnahagsáætlunin festast í sessi sem tæki til stefnumörkunar og eftirfylgni til samstilltrar hagstjórnar.

Til að tryggja að áherslur í fyrirbyggjandi efnahagsáætlun séu í fullu samræmi við verkefni annarra ráðuneyta og stofnana hefur verið haft viðtækt samráð innan Stjórnarráðsins um mótun efnahagsstefnunnar. Auk þess hafa fulltrúar sveitarfélaganna og aðilar vinnumarkaðarinnar verið hafðir með í ráðum til að tryggja gegnsæi og skoðanaskipti. Þetta samráð hefur að mati efnahags- og viðskiptaráðuneytisins skipt sköpum við að styrkja trúverðugleika áætlunarinnar og viðtækan skilning á mikilvægi samstilltrar hagstjórnar.

Efnahagsáætlunin verður endurskoðuð og uppfærð reglulega og er áætlað að hún verði birt á vormánuðum 2012 með endurskoðuðum áherslum og uppfærðri stöðu verkefna.

2. Megináherslur efnahagsáætlunar

Efnahagsstefna á Íslandi síðustu áratugina hefur miðað að því að viðhalda hagvexti með opinberum inngripum á eftirspurnarhlið hagkerfisins. Þetta var fyrst og fremst gert með aukinni skuldsetningu ríkissjóðs fram til 1990 og síðan með því að greitt var fyrir aðgengi að erlendri fjárfestingu í orkufrekum iðnverum frá þeim tíma til 2007. Þessi stefna leiddi til ofþenslu og óstöðugleika sem skortur á samhæfðri hagstjórn ýtti enn frekar undir. Afleiðingin er meðal annars áframhaldandi einhæfni útflutningsgreina og erlend skuldasöfnun.

Ísland hefur á undanförunum misserum gengið í gegnum þrjú þætta kreppu: fjármálakreppu, gjaldeyriskreppu auk efnahagskreppu í formi fyrirsjáanlegrar aðlögunar hagkerfisins í kjölfar ofþensluáranna 2004-2007. Þeirri efnahagssýn sem hér er kynnt í Efnahagsáætlun stjórnvalda er ætlað að leggja grunn að bættri samhæfingu og skýrari stefnumörkun í efnahagsstjórn í kjölfar þessara efnahagsáfalla. Slík stefnumörkun tekur mið af þeim verkefnum og áætlunum sem þegar hefur verið hrint af stað eða gengið hefur verið út frá á starfstíma ríkisstjórnarinnar. Efnahagsstefnan fléttar saman þætti sem eru í [stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar](#), [samstarfsáætluninni við AGS](#), [yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar](#) í tengslum við kjarasamninga frá því vorið 2011, stefnumörkun sem unnin hefur verið í ýmsum ráðuneytum, fjárlögum á hverjum tíma og að lokum þeirri langtímastefnumörkun sem sett hefur verið fram í tengslum við [Ísland 2020](#).

Stefnumótunin tekur mið af [hagspá spáeildar Hagstofunnar](#) en sú spá gerir ráð fyrir 2,9% árlegum hagvexti að meðaltali fram til 2015. Ljóst er að svo lítil hagvöxtur nægir vart til að draga inn þann

slaka sem myndaðist í hagkerfinu í kjölfar hrunsins. Til þess að vinna til baka glataða framleiðslugetu þarf meiri hagvöxt en þessi spá gerir ráð fyrir.

Í efnahagsáætlun til næstu ára verður lögð áhersla á sjálfbæran hagvöxt sem felur í sér bættu nýtingu framleiðsluþátta og aukna fjárfestingu. Byggt verður á eftirfarandi aðgerðum á nokkrum megin sviðum:

1. Stuðlað verður að auknum fjárfestingum með beinum aðgerðum stjórnvalda og bættu starfsumhverfi atvinnulífsins.
2. Sjálfbærni opinberra fjármála verður tryggð til framtíðar sem og stöðugleiki í efnahagslífinu.
3. Aukin áhersla á samþættingu menntunar og atvinnulífs. Unnið verður gegn neikvæðum áhrifum aukins langtímaatvinnuleysis.
4. Lokið verður við skuldaaðlögun heimila og fyrirtækja í kjölfar bankahrunsins.
5. Fyrirtæki og heimili hafi aðgang að samkeppnishæfu og sterku fjármálakerfi.
6. Mótuð verður ný peningastefna til framtíðar og gjaldeyrishöft verða afnumin í áföngum.

Þessi áhersluatriði eru öll mikilvæg ef takast á að ná markmiðum um aukinn og sjálfbæran hagvöxt, en árangurinn er á engan hátt sjálfgefinn. Skuldsetning hins opinbera er enn mikil og aðgangur íslenskra aðila að erlendum fjármálamörkuðum er enn takmarkaður þrátt fyrir velheppnaða útgáfu ríkissjóðs á erlendum skuldabréfamarkaði fyrr á árinu. Til þess að hægt verði að tryggja sjálfbærni opinberra fjármála er nauðsynlegt að greiðslujöfnuður þjóðarbúsins verði jákvæður svo að hægt verði að grynka á erlendum skuldum opinberra aðila sem óhjákvæmilegt var að stofna til í kjölfar hrunsins.

Nýsköpun er mikilvæg til að stuðla að sjálfbærum hagvexti. Jafnframt eru fyrirtæki sem keppa á alþjóðamarkaði líklegri en önnur til að standa framarlega í nýsköpun. Reynsla okkar hefur sýnt að þau fyrirtæki sem skarað hafa fram úr á þessu sviði hér á landi hafa gjarnan verið í flokki stærri fyrirtækja með mikla alþjóðlega starfsemi. Styðja þarf við vöxt alþjóðlega samkeppnishæfra fyrirtækja og auka þannig möguleika á því að markmið um aukna fjölbreytni og hagvöxt verði að veruleika. Það er því afar mikilvægt að sem fyrst verði dregið úr þeim hömlum sem núverandi aðstæður skapa, sérstaklega varðandi aðgengi að erlendum lánamörkuðum og höft á gjaldeyrisviðskiptum. Áhersla á menntun og rannsóknir auk fjárfestinga í samfélagslegum innviðum styðja við vöxt slíkra fyrirtækja.

Mikilvægt er að minna á að áhersla á auknar fjárfestingar vísar ekki eingöngu til hefðbundinna fjárfestingarútgjalda á borð við vélar, tæki og mannvirki. Eftir því sem samfélagsgerðin breytist og hlutur þjónustugreina eykst, breytist eðli fjárfestinga. Óefnislegar fjárfestingar á borð við rannsóknar- og þróunarstarfsemi, hugbúnaðarþróun og -kaup, uppbyggingu gagnagrunna og útgjöld til starfsmenntunar skipta æ meira máli. Víða er hlutur þessara fjárfestingarútgjalda orðinn meiri en hefðbundin kaup á vélum, tækjum og mannvirkjum. Áherslan á útflutnings- og nýsköpunardrífinn vöxt mun því líka birtast í auknum útgjöldum á þessum sviðum.

Þegar öllu er á botninn hvolft er það þó skilvirk miðlun fjármagns sem skiptir hvað mestu til skemmri tíma litið. Áhrif fjármálakreppunnar eru enn mikil í íslensku efnahagslífi og því skiptir sköpum að nýta öll tækifæri til að hvetja til fjárfestinga. Þar skiptir skuldaaðlögun, hagstætt samkeppnisumhverfi og lágir vextir höfuðmáli. Einnig skiptir aðkoma fagfjárfesta á borð við lífeyrissjóði miklu og erlendar langtímafjárfestingar.

Þær áherslur í efnahagsmálum sem hér eru kynntar byggja að verulegu leyti á annars konar hagvaxtarlíkani en því sem unnið hefur verið eftir undanfarna áratugi. Í stað sveifflugjarns eftirspurnardrífins hagvaxtar er stefnt að styrkingu framboðshliðar hagkerfisins með sjálfbæran og umhverfisvænan hagvöxt að leiðarljósi. Slíkur hagvöxtur eykur stöðugleika hagkerfisins og skapar meiri og stöðugri hagsæld.

Nauðsynlegt er því að tryggja að sá stöðugleiki á vinnumarkaði sem núgildandi kjarasamningar fela í sér festist í sessi en leiði ekki til aukinnar verðbólgu umfram það sem orðið er. Þetta er ekki síst mikilvægt nú þegar þriggja ára samstarfi Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er lokið en samstarfið við AGS hefur á margan hátt mótað umgjörð efnahagsmálanna síðustu árin. Það er mat AGS að verulegur árangur hafi náðst við efnahagslega endurreisn í kjölfar bankakreppunnar enda tókst íslenskum stjórnvöldum að ná þeim árangursviðmiðum sem sett voru upp í tengslum við samstarfsáætlunina. Á þessum árangri þarf að byggja og sækja fram á þeim sviðum þar sem enn er verk að vinna.

3. Horfur í efnahagsmálum til skamms tíma

Eftir samdrátt síðustu ára virðist sem hagkerfið sé nú tekið að vaxa á nýjan leik þó svo að sá vöxtur sé enn sem komið er hægur og brotakenndur. Á öðrum ársfjórðungi hægði á vexti landsframleiðslunnar á ársgrundvelli úr 3,6% á fyrsta ársfjórðungi í 1,4% á öðrum. Þannig hefur vöxtur landsframleiðslunnar haldist jákvæður tvo ársfjórðunga í röð eftir samfelldan samdrátt frá þriðja ársfjórðungi 2008. Jákvæð teikn má sjá víða s.s. í hægt vaxandi einkaneyslu og fjárfestingu, minnkandi atvinnuleysi, vaxandi kaupmætti og viðsnúningi á fasteignamarkaði. Engu að síður er áhyggjuefni hversu útflutningsframleiðslan hefur vaxið hægt þrátt fyrir hagstætt rekstrarumhverfi vegna lágs raungengis. Framleiðslu í sjávarútvegi og stóriðjugreinum eru takmörk sett vegna aflakvóta og takmarkaðrar framleiðslugetu en aðrar framleiðslugreinar eru enn að verulegu leyti fastar í viðjum fjármálakreppunnar. Það er einna helst ferðapjónustan sem hefur blómstrað en farþegum til landsins fjölgaði um 17,5% fyrstu átta mánuði ársins m.v. sama tíma í fyrra. Spá Hagstofunnar um hagvöxt 2013 - 2015 gerir ráð fyrir rétt um 3% vexti á ári að meðaltali.

Með hraðari skuldaúrvinnslu heimila og fyrirtækja, endurnýjuðu trausti á stöðu ríkisfjármála og vaxandi tiltrú neytenda á efnahagslega endurreisn má gera ráð fyrir því að smátt og smátt skapist eðlilegt efnahagsástand hér á landi á nýjan leik. Efnahagsstefna stjórnvalda, m.a. vegna samstarfsins við AGS, hefur skilað þeim árangri að nú þremur árum eftir hrunið er viðsnúningurinn orðinn að veruleika. Það sem einna helst vekur ugg um verulegt bakslag eru þær blikur sem nú eru á lofti í alþjóðlegum efnahagsmálum vegna skuldakreppunnar í Evrópu og stöðnunar í Bandaríkjunum. Óhjákvæmilegt er annað en að þessara áhrifa gæti hér á landi með einum eða öðrum hætti þó svo að efnahagstengsl Íslands við umheiminn séu nú um stundir með óvenjulegum hætti vegna gjaldeyrishaftanna.

Einkaneysla sem hlutfall af landsframleiðslu er nú um þessar mundir í sögulegu lágmarki eftir mikinn samdrátt í kjölfar efnahags- og fjármálakreppunnar. Samdrátturinn var þó ekki eins mikill og fyrstu spár gerðu ráð fyrir vegna ýmissa aðgerða stjórnvalda og fjármálastofnana svo sem frystingar á afborgunum lána og útgreiðslu séreignarsparnaðar. Góður kippur kom í einkaneysluna á öðrum ársfjórðungi í kjölfar kjarasamninganna auk þess sem 14 milljarðar króna voru teknir út af

séreignarsparnaðarreikningum á fyrri helmingi ársins. Spá Hagstofunnar um þróun einkaneyslunnar á þessu og næsta ári hljóðar upp á 3% raunaukningu á ári.

Fjárfesting er með minnsta móti hvort sem litið er til atvinnuvega, íbúða eða fjárfestingar hins opinbera. Atvinnuvegafjárfesting er í sögulegu lágmarki en í spá Hagstofunnar frá því í júlí er þó áætlað að hún muni vaxa um rúm 40% að raungildi samtals á næstu tveimur árum. Þar munar mest um stóriðjuframkvæmdir vegna stækkunar álversins í Straumsvík og Búðarhálsvirkjunar. Einnig er gert ráð fyrir í spánni að framkvæmdir við kísilverksmiðju í Helguvík hefjist á seinni hluta þessa árs og ná yfir á það næsta en sú framkvæmd er enn í nokkurri óvissu varðandi tímasetningu og nú lítur út fyrir að meginhluti framkvæmdarinnar tefjist enn frekar. Hvað almenna atvinnuvegafjárfestingu varðar er reiknað með lítils háttar aukningu eftir því sem endurskipulagningu á efnahagsreikningum fyrirtækja miðar áfram. Íbúðafjárfesting er sömuleiðis með minnsta móti en gert er ráð fyrir að hún vaxi nokkuð á næstu árum. Lítið er þó um nýframkvæmdir enn sem komið er og má búast við að svo verði áfram á allra næstu misserum enda er enn mikið umframframboð á ófullgerðu íbúðarhúsnæði. Fjárfestingarhlutfallið er einungis um 14% af landsframleiðslu 2011 og júlíspáin gerir ráð fyrir að hún verði 16% 2012 en nú bendir allt til þess að það hlutfall verði eitthvað örlítið lægra.

Mikil umskipti hafa orðið á vöruskiptajöfnuði eftir lækkun raungengis krónunnar og er afgangurinn nú um 10% af landsframleiðslu. Útlit er fyrir óbreyttan afgang á vöruskiptum á næsta ári. Þessi ríflegi afgangur vegur á móti miklum halla á jöfnuði þáttatekna. Gert er ráð fyrir að útflutningur vöru og þjónustu aukist lítillega á þessu og næsta ári og má búast við lítils háttar aukningu í útflutningi sjávarafurða og þjónustutekjum. Aftur á móti er þess ekki að vænta að aukin framleiðsla í álverinu í Straumsvík skili auknum útflutningstekjum fyrr en 2013. Gert er ráð fyrir að vöxtur innflutnings vöru og þjónustu verði lítillega umfram vöxt útflutnings í kjölfar aukins kaupmáttar ráðstöfunartekna, minnkandi atvinnuleysis og aukinna ferðalaga erlendis. Í opinberum tölum um viðskiptajöfnuð er reiknað með umtalsverðum vaxtakostnaði vegna gömlu bankanna sem eru í slitameðferð en gera má ráð fyrir að stór hluti þess kostnaðar verði afskrifaður við endanlegt uppgjör. Sé litið framhjá þessum liðum er viðskiptajöfnuðurinn því sem næst í jafnvægi.

Dregið hefur úr atvinnuleysi á þessu ári og tölur fyrir október 2011 sýna áframhaldandi bata. Því er útlit fyrir að spá Hagstofunnar um 7,2% atvinnuleysi á árinu 2011 standist. Minnkandi atvinnuleysi má rekja til vinnumarkaðsúrræða sem meðal annars hafa snúið að því að aðstoða fólk við að finna nám við hæfi auk þess sem nokkuð hefur verið um brottflutning fólks á vinnualdri. Með jákvæðum hagvexti mun atvinnuleysi lækka jafnt og þétt og samkvæmt spá Hagstofunnar má reikna með að atvinnuleysi verði komið niður fyrir 5% prósent árið 2015.

Verðbólguþróunin hefur verið áhyggjuefni það sem af er ári. Í upphafi árs 2011 fór saman veiking á gengi krónunnar og hækkandi heimsmarkaðsverð á hrávörum og eldsneyti. Verðbólgan fór því af stað og mældist 12 mánaða verðbólga í október 5,3% og fór lækkandi á milli mánaða eftir nokkuð stöðugt hækkunarferli undanfarna mánuði. Seðlabankinn taldi ekki ástæðu til að bregðast við með vaxtahækkunum framan af en þegar leið fram á mitt ár voru gerðir kjarasamningar með launahækkunum sem ollu verðbólguþrýstingi og við þær aðstæður greip Seðlabankinn til vaxtahækkunar í ágúst og aftur nú 2. nóvember. Seðlabankinn spáir nú hækkandi verðbólgu til skamms tíma, eða næstu tvo ársfjórðunga, en muni síðan fara lækkandi og mælast 4,1% yfir árið og útilokar ekki frekari vaxtahækkanir enda telur bankinn að hóflegar vaxtahækkanir muni ekki stöðva efnahagsbatann. Samkvæmt spá bankans næst 2,5% verðbólgu markmið árið 2014. Spá Hagstofunnar

um gengi krónunnar felur í sér því sem næst óbreytt nafngengi út árið 2013 sem m.a. skýrist af forsendum um að gjaldeyrishöftunum verði viðhaldið út það ár.

Í nýrri spá Seðlabankans frá 2. nóvember er meira samræmi við spá Hagstofunnar en fyrri spá bankans. Þó eru enn töluverð frávik á milli spánna fyrir yfirstandandi ár enda spá Hagstofunnar frá því í sumar eins og áður hefur komið fram. Seðlabankinn hefur dregið töluvert úr áætluðum samdrætti samneyslu á árinu enda jókst samneysla bæði ríkis og sveitarfélaga nokkuð á 2. ársfjórðungi vegna aukins vaxtar í launakostnaði og kaupum á vöru og þjónustu. Seðlabankinn hefur einnig dregið nokkuð úr áætluðum vexti atvinnuvegafjárfestingar og munar þar mestu um tafir á framkvæmdum við kísilverksmiðju í Helguvík. Hafa ber í huga að fjárfesting er á mjög lágu stigi og getur munað mikið um tafir í einstaka framkvæmdum þegar bornar eru saman magnbreytingar á milli ára. Á næsta ári eru helst frávik á milli spánna í fjárfestingu hins opinbera en Seðlabankinn gerir ráð fyrir mun meiri framkvæmdum í kjölfar verkefna sem stefnt er að í tengslum við kjarasamningana frá því í vor. Einnig getur verið mismunandi á milli spáaðila hvort tiltekin verkefni séu skilgreind sem opinber eða einkaframkvæmd. Seðlabankinn gerir einnig ráð fyrir minni vexti í útflutningi vöru og þjónustu í samræmi við fjárfestingu á yfirstandandi ári. Heilt yfir gerir Seðlabankinn ráð fyrir minni hagvexti á næsta ári en Hagstofan eða 2,3%. Munurinn er aftur á móti minni en í síðustu spá frá því í ágúst þegar Seðlabankinn spáði 1,6% hagvexti á næsta ári.

Helstu þjóðhagsstærðir – samanburður á spám

	2011		2012		2013		2014		2015	2016
	Hagstofa júlí 2011	PM 2011/4	Hagstofa júlí 2011	PM 2011/4	Hagstofa júlí 2011	PM 2011/4	Hagstofa júlí 2011	PM 2011/4	Hagstofa júlí 2011	Hagstofa júlí 2011
Einkaneysla	3,1	2,9	3,3	3,1	3,1	3,2	3,0	2,8	3,0	3,0
Samneysla	-2,6	-0,2	-0,8	-1,2	-0,1	0,4	0,5	0,3	0,9	2,0
Fjármunamyndun	15,0	6,7	14,5	16,5	14,3	4,4	8,3	11,1	-0,3	4,4
Atvinnuvegafjárfesting	25,2	13,2	17,6	16,5	15,9	4,4	5,1	13,5	-6,3	1,1
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	17,0	13,8	26,8	21,6	15,9	14,6	19,1	15,1	11,6	8,5
Fjárfesting hins opinbera	-18,1	-19,8	-15,5	9,5	0,4	-8,8	10,6	-8,5	16,9	14,6
Þjóðarútgjöld, alls	3,5	3,9	4,0	3,2	4,2	2,3	3,4	3,4	1,9	3,0
Útflutningur vöru og þjónustu	2,1	2,5	3,3	1,3	2,8	1,6	2,1	2,1	3,6	3,0
Innflutningur vöru og þjónustu	3,8	4,0	4,9	2,8	5,5	1,6	3,0	3,5	2,2	3,1
Verg landsframleiðsla	2,5	3,1	3,1	2,3	2,8	2,3	2,8	2,6	2,7	3,0
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	-7,4	-8,2	-6,0	-1,5	-7,1	1,1	-5,9	-0,2	-6,0	-5,8
Vísitala neysluverðs	3,9	4,1	3,7	4,1	2,6	3,0	2,5	2,5	2,5	2,5
Gengisvísitala	1,1		0,9		0,0		0,0		-0,9	-1,0
Raugengi	0,0		0,4		0,4		0,3		1,0	0,9
Atvinnuleysi % af vinnuafli	7,2	7,4	6,0	6,2	5,4	5,8	5,2	4,9	4,8	4,3
Launavísitala	6,2		5,0		4,2		4,6		4,7	4,6
Alþjóðlegur hagvöxtur	2,2		2,4		2,5		2,4		2,4	2,4
Alþjóðleg verðbólga	2,7		2,2		2,1		2,1		2,5	2,6

Heimild: Hagstofa Þjóðhagsspá júlí 2011 og Sí Peningamál 2011/4

Prósentubreyting nema annað sé tekið fram

4. Fjárfestingar og samkeppnishæfni

Meginmarkmið ríkisstjórnarinnar er að leiða efnahagsbata Íslands með aukningu í fjárfestingum þannig að hlutfall fjárfestingar af landsframleiðslu hækki úr 13% í 20% árið 2013. Jafnframt er horft til sjálfbærs viðskiptaumhverfis með endurbótum á lagaumhverfi fyrirtækja. Í yfirlýsingu

ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga nú á vormánuðum er að finna ítarlega útfærslu á lagalegum umbótum sem snúa að starfsskilyrðum atvinnulífsins auk beinna framkvæmda sem ákveðið hefur verið að ráðast í af hálfu hins opinbera. Þessar aðgerðir eru mikilvægar til að rjúfa þá kyrrstöðu sem nú ríkir á mörgum sviðum efnahagslífsins. Fjárfesting er í sögulegu lágmarki. Samkvæmt fyrirbyggjandi hagspá mun hlutfall fjárfestingar af landsframleiðslu aukast úr tæpum 13% árið 2010 í 18% árið 2015. Þótt hér sé vissulega um mikilvægan viðsnúning að ræða verður fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu þó engu að síður undir langtímameðaltali ef fram fer sem horfir. Fleira þarf að koma til svo fjárfesting aukist enn frekar og nái ásættanlegu stigi.

Fjárfestingaráætlun

Í tengslum við langtímastefnumótun og [Ísland 2020](#) verkefnið er nú unnið að fjárfestingaráætlun hins opinbera á ábyrgð fjármálaráðuneytisins í samvinnu við önnur ráðuneyti sem tekur mið af samþættum mismunandi stefnum og áætlunum t.d. samgönguáætlun og byggðaáætlun til að tryggja árangur á þessu sviði. Áætlað er að áætluninni verði lokið haustið 2012 samhliða fjárlagavinnu fyrir árið 2013 og gildi fyrir tímabilið 2013 til 2020.

Samkeppnishæfni og gengi krónunnar

Mikilvægt er að jafna samkeppnisstöðu fyrirtækja ekki síst fyrirtækja í útflutningsgreinum. Staða þeirra hefur verið ótrygg vegna mikilla sveiflna í gengi og því er mikilvægt að tryggja stöðugt gengi til langs tíma. Verður það meginverkefni Seðlabankans að viðhalda þeim stöðugleika sem þarf til að útflutningsgreinar megi vaxa og dafna á sem flestum sviðum. Í fjármálaráðuneytinu er unnið að endurskoðun skattalaga fyrirtækja. Má þar nefna lagabreytingar sem fela í sér takmörkun erlendra móðurfélaga til að skuldsetja dótturfélög á Íslandi. Í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu er unnið að því að skapa umgjörð fyrir bætta viðskiptahætti m.a. með því að koma í veg fyrir að aðilar sem ítrekað hafa siglt fyrirtækjum í þrot geti stofnað eða setið í stjórnun fyrirtækja. Átaksverkefnið „[Allir vinna](#)“ sem nú hefur verið framlengt út árið 2012 er mikilvægur liður í að koma í veg fyrir að svört atvinnustarfsemi festist í sessi.

Lágt raungengi leiðir almennt til bættrar samkeppnisstöðu og eykur vöxt útflutningsgreina. Árið 2008 féll gengi krónunnar um helming og raungengið lækkaði snarlega í kjölfarið. Samkeppnisstaða útflutnings- og samkeppnisgreina hefur því verið með besta móti undanfarin misseri, auk þess sem lágt raungengi hefur valdið því að innflutningur hefur dregist saman og jákvæður vöruskiptajöfnuður myndast.

Sá möguleiki er vissulega til staðar að raungengið hækki þegar hagkerfið leitar upp úr yfirstandandi lægð með tilheyrandi neikvæðum áhrifum fyrir starfsumhverfi atvinnulífsins. Þar með ykist hættan á aukinni skuldsetningu og viðskiptahalla sem stæði útflutningsdrifnum hagvexti og sjálfbærri skuldaþróun fyrir þrifum. Mikilvægt er að hagstjórnin taki mið að því að koma í veg fyrir neikvæð áhrif slíkrar þróunar.

Eitt af mikilvægustu viðfangsefnum hagstjórnar á Íslandi snýr að því að stærstu útflutningsgreinarnar, sjávarútvegur og stóriðjugreinarnar, eru að verulegu leyti varðar fyrir áhrifum af gengisveiflum. Tekjur og gjöld þessara atvinnugreina eru að miklu leyti ýmist beint eða óbeint í erlendum gjaldeyri og þær geta því þolað hágengisumhverfi með allt öðrum hætti en aðrar útflutnings- og samkeppnisgreinar. Mótstaða þessara greina gegn innlendum kostnaðarþrýstingi er þar af leiðandi minni en annarra atvinnugreina sem eiga ekki eins auðvelt með að verja afkomu sína fyrir

neikvæðum áhrifum hækkandi raungengis. Þessi staða gerir það að verkum að stjórnvöld þurfa að vera sérstaklega á varðbergi gagnvart því misvægi milli atvinnugreina sem hátt raungengi hefur í för með sér. Ef ekki tekst að tryggja viðunandi sambyli þeirra atvinnugreina sem eru meira eða minna varðar fyrir áhrifum hækkandi raungengis og hinna sem standa berskjaldaðar fyrir slíkri þróun er hætt við að núverandi samkeppnisforskot íslensks atvinnulífs með lágu raungengi hverfi fljótt. Ef sú verður raunin er ólíklegt að fjárfesting muni glæðast að því marki sem nauðsynlegt er. Slíkt myndi gera að engu markmið efnahagsáætlunarinnar um hagvöxt á sjálfbærum grunni og framkalla á nýjan leik umhverfi óstöðugleika og skuldasöfnunar.

Opinber innkaup og kynjuð hagstjórn

Mikilvægt er að horfa á samkeppnishæfni atvinnulífsins í samhengi við þær grundvallarbreytingar sem orðið hafa í atvinnulífinu undanfarna áratugi. Með nokkurri einföldun er hægt að segja að hefðbundnum karlastörfum í mannvirkjagerð og verklegum þáttum hafi fækkað á sama tíma og hefðbundnum kvennastörfum í umönnunargreinum hefur fjölgað hjá hinu opinbera. Vegna smæðar hins íslenska markaðar er ríkið mjög ráðandi kaupandi fjölbreyttrar vöru og þjónustu og getur haft mikil áhrif á þróun nýrra viðskiptasprota með innkaupahegðun sinni. Þessar staðreyndir kalla á að byggt sé undir samkeppnishæfni atvinnulífsins með fjölbreyttum hætti og að áherslur stjórnvalda séu í samræmi við markmið um kynjaða hagstjórn og jöfn tækifæri beggja kynja til þátttöku í efnahagslegri nýsköpun.

Skattaumhverfi atvinnulífsins

Þrátt fyrir góða samkeppnisstöðu útflutningsgreina hefur fjárfesting þó ekki aukist sem skyldi m.a. vegna mikillar skuldsetningar fyrirtækja, gjaldeyrishafta og takmarkaðs aðgengis að erlendu lánsfé. Mikilvægt er að þessum hindrunum verði rutt úr vegi eins hratt og frekast er unnt til þess að nýta það samkeppnisforskot sem nú er til staðar. Bætt skattaumhverfi fyrirtækja er mikilvægur þáttur í því sambandi. Liður í því eru breytingar á tryggingagjaldi og atvinnuþryggingagjaldi sem mun lækka samhliða því að atvinnuleysi minnkar.

Fjármögnunarskilyrði og opinberar framkvæmdir

Skert aðgengi innlendra aðila að erlendu lánsfé undirstrikar mikilvægi þess að tryggja sem best aðkomu lífeyrissjóða og annarra fagfjárfesta að fjárfestingarverkefnum. Mikilvægt er að áætlun stjórnvalda og Seðlabankans um afnám hafta hvetji fjárfestingu í atvinnulífinu með réttum hætti. Einnig er þörf á að opna möguleika fyrir verkefnafjármögnun orkufyrirtækja. Að þessu er nú unnið. Með slíkri fjármögnun er mögulegt að takmarka áhættu almennings og tryggja fjármagn á ásættanlegum kjörum til frekari fjárfestinga í orkufrekum iðnaði. Í fjármálaráðuneytinu er verið að vinna að bættum fjármögnunarskilyrðum m.a. með umgjörð um verkefnafjármögnun stórra orkuverkefna. M.a. verður lífeyrissjóðum auðveldað að fjármagna arðbær verkefni sem talin eru hafa þjóðhagslega þýðingu. Lög um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi sem tóku gildi á árinu 2009 greiða fyrir fjárfestingu innlendra og erlendra aðila. Markmið laganna er að efla rannsóknir og þróunarstarf og bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja með því að veita þeim rétt til skattafrádráttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni.

Mörg verkefni á vegum opinberra aðila eru þegar í undirbúningi eða framkvæmd með fjölbreyttri fjármögnun, meðal annars:

- Landspítali – Háskólasjúkrahús er í hönnunarfasa

- Hjúkrunarheimili
- Framhaldsskólar
- Vaðlaheiðargöng
- Nýtt fangelsi
- Suðurlandsvegur
- Snjóflóðavarnir
- Orkutengd verkefni (*sjá kafla um sókn í orku- og iðnaðarmálum*)
- 289 námsmannsíbúðir á vegum Félagsstofnunar stúdenta

Bein erlend fjárfesting

Bein erlend fjárfesting er mikilvæg til að örva efnahagslífið við núverandi aðstæður en til þess að svo geti orðið þarf Ísland að einfalda umgjörð erlendar fjárfestingar og senda skýrari skilaboð um vilja til að laða að erlenda fjárfestingu. Í því samhengi verður lögð fram þingsályktunartillaga um erlenda fjárfestingu á þessu þingi og hafist handa við endurskoðun laga um erlendar fjárfestingar og skattaumhverfi erlendra fjárfesta. Stefnt er að því að slíkt frumvarp verði lagt fram af efnahags- og viðskiptaráðherra á vorþingi. Lykilatriði er að stuðla að erlendu fjármagnsflæði inn í landið, einkum í verkefni sem leiða til útflutningsdrifins hagvaxtar og hafa jákvæð áhrif á vinnumarkaðinn til framtíðar.

Sókn í orku- og iðnaðarmálum

Mikið verk hefur verið unnið með gerð [rammaáætlunar um nýtingu náttúruauðlinda](#) sem starfshópur skilaði af sér í lok sumars. Þingsáætlunartillaga er í opnu samráðs- og kynningarferli til 11. nóvember. Eftir það fer hún til þingsins og er brýnt að þeirri vinnu sem þar fer fram ljúki sem fyrst til þess að mikilvæg verkefni í orkufrekum greinum komist af stað og eyða óvissu um starfsumhverfi þeirra sem fyrir eru.

Mörg verkefni eru þegar í vinnslu, sum á hönnunarstigi en önnur langt komin eða lokið:

- Framkvæmdum vegna Búðarhálsvirkjunar og stækkun álversins í Straumsvík lýkur árið 2013
- Kísilver í Helguvík er á hönnunarstigi
- Orkuverkefni á Norðurlandi m.a. Blöndulína 3 og jarðvarmavirkjanir á Þeistareykjum og Bjarnarflagi eru í undirbúningi
- Byggingu gagnavers Verne Holding í Reykjanesbæ er lokið

Græna hagkerfið

Grænt hagkerfi er hagkerfi sem leiðir til aukinna lífsgæða um leið og dregið er verulega úr umhverfislegri áhættu og röskun vistkerfa. Í grænu hagkerfi er áhersla lögð á atvinnustarfsemi byggða á fjárfestingum einkaaðila og opinberra aðila, sem draga úr mengun og losun gróðurhúsalofttegunda, stuðla að bættri nýtingu orku og auðlinda og koma í veg fyrir hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og þjónustu vistkerfa.

Sumarið 2010 samþykkti Alþingi tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins. Nefnd um málefnið skilaði niðurstöðum sínum í skýrslu „[Efling græns hagkerfis á Íslandi](#)“ í september 2011 og er þingsályktunartillaga um 48 aðgerðir í þágu eflingar græns hagkerfis nú til umræðu á Alþingi.

Lög um stjórn fiskveiða

Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða hefur verið lagt fram á Alþingi og er þar til meðferðar. Mikilvægt er að skapa sem fyrst meiri festu um starfsumhverfi sjávarútvegs og að sátt náist um framtíðarfyrirkomulag fiskveiðistjórnunar og auðlindanýtingu í þessari mikilvægustu útflutningsatvinnugrein okkar Íslendinga.

Skapandi greinar

Mikil áhersla hefur verið á nýsköpunargreinar og vægi þeirra í efnahagslífinu. Rannsóknarmiðstöð Skapandi greina við Háskóla Íslands vann að rannsókn um kortlagningu á hagrænum [áhrifum](#) skapandi greina í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneyti, utanríkisráðuneyti, fjármálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, efnahags- og viðskiptaráðuneyti og Íslandsstofu. Í rannsókninni kemur fram að skapandi greinar hafi á árinu 2009 velt 189 milljörðum króna, ársverk verið rúmlega 9 þúsund og útflutningstekjur um 24 milljarðar króna eða um 3% af heildarútflutningstekjum þjóðarinnar. Þá kemur fram í rannsókninni að velta skapandi greina hafi haldist nokkuð stöðug og störfum fjölgað þrátt fyrir samdrátt í þjóðarbúskapnum. Mikilvægt er að koma á gagnasöfnun um virðisauka skapandi greina í fastan farveg svo upplýsingar um þróun þeirra verði aðgengilegar stjórnvöldum og hagsmunaaðilum. Efnahags- og viðskiptaráðuneytið og Hagstofa Íslands munu skoða hvort unnt sé að flokka þessar greinar sérstaklega undir atvinnugreinaflokkun ISAT2008 þannig að hægt sé að mæla hlut þeirra í verðmætasköpun hagkerfisins. Fjármálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið munu skoða möguleika á skattaumbun frekar en nú er til styrkingar á skapandi greinum eins og þær hafa verið skilgreindar hér.

Ferðaþjónusta

Undanfarin þrjú ár hefur komum ferðamanna til Íslands fjölgað verulega. Búist er við að árið 2011 verði stærsta ferðamannaár frá upphafi og höfðu í lok september farið nær jafn margir ferðamenn um Leifsstöð og allt árið í fyrra. Mörgu er þar um að þakka, meðal annars veiku gengi krónunnar og öfluglu kynningastarfi, m.a. „Inspired By Iceland“ átakinu. Stefnt er að frekara átaki í ferðaþjónustu, t.a.m. með markaðsátakinu „Ísland allt árið“, sem snýr að eflingu heilsársferðaþjónustu.

Hagtöluúrbætur

Ábyggilegar og tímanlegar hagtölur eru grundvöllur fyrir árangursríkri efnahagsstefnu. Mikilvægt er að styrkja starfsemi Hagstofunnar með það að leiðarljósi að efla hagtölugerð. Mikil vinna er nú í gangi í Hagstofunni til að bregðast við athugasemdum og kröfum Evrópusambandsins, Samtaka iðnaðarins og ekki síst ráðuneyta til að efla þau tæki sem tiltæk eru til greiningar á hagtölum. Hagstofan vinnur að því að gera skráarbundið manntal. Með því fást upplýsingar um fjölda og tegundir heimila sem styrkir greiningu á hag heimilanna, svo sem tekjum, skuldum, neyslu og öðrum útgjöldum þeirra. Fyrirhugað er að Hagstofan komi upp gagnasafni sem geymir upplýsingar um fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja. Skortur á þessum upplýsingum hefur verið mjög bagalegur í því starfi sem farið hefur fram undanfarin misseri við lagasetningu, framkvæmd og eftirlit á endurskipulagningu skulda heimila í landinu. Hagstofan vinnur að því að koma upp gagnasafni um landbúnað og vinna hagtölur um þá grein. Fram að þessu hafa Bændasamtökin að verulegu leyti séð um hagtölugerð fyrir greinina og hefur það verið gagnrýnt af Evrópusambandinu. Að síðustu má nefna fyrirtækjaskrá til hagskýrslugerðar sem stefnt er að því að byggja upp innan Hagstofunnar til að leggja varanlegan grunn að fyrirtækjatölfræði. Slík tölfræði myndi nýtast m.a. til að bæta þjóðhagsreikninga og

vinnumarkaðstölfræði, m.a til að fylgjast með og meta framleiðslu og framleiðni í einstökum atvinnugreinum en slík tölfræði hefur verið fremur bágborin hér á landi fram að þessu.

5. Áherslur í opinberum fjármálum

Áhrif bankakreppunnar á fjármál hins opinbera hafa verið mjög mikil. Skuldir ríkissjóðs án lífeyrisskuldbindinga og skammtíma viðskiptaskulda hækkuðu úr tæplega 24% af landsframleiðslu í lok árs 2007 í um 84% í lok árs 2010 samkvæmt bráðabirgðamati Hagstofunnar. Áhrif á skuldastöðu sveitarsjóða hafa einnig verið mikil og námu skuldir hins opinbera í heild um 93% af landsframleiðslu í lok árs 2010. Þessa miklu skuldaaukningu má bæði skýra með ýmsum kostnaði er féll til vegna bankahrunsins en einnig með mikilli lækkun á skatttekjum vegna tekjusamdráttar fyrirtækja og heimila í yfirstandandi kreppu. Hvað ríkissjóð varðar hefur verið mótuð stefna um helstu markmið fram til ársins 2015. Höfuðmarkmið þeirrar stefnu er að ríkissjóður verði rekinn með afgangi frá árinu 2014 og að skuldir ríkis og sveitarfélaga lækki á viðunandi hraða og verði komnar niður fyrir 60% fyrir árið 2020. Þetta verði gert með það að leiðarljósi að lækka vaxtakostnað hins opinbera og hækka láns hæfi. Fjármálaráðherra lagði fram skýrslu um áætlun í ríkisfjármálum, [Ríkisbúskapinn 2012-2015](#), 1. október samhliða fjárlagafrumvarpinu. Þar er frekari grein gerð fyrir stefnu og horfum á komandi fjárlagaári og langtímaáætlun til fjögurra ára.

Fjármálareglur fyrir opinbera aðila

Umgjörð fjármála sveitarfélaga er nú til endurskoðunar en á síðustu árum hefur hlutdeild sveitarfélaga í fjármálum hins opinbera aukist verulega. Rekstur þeirra í heild skiptir því mun meira máli en áður. Nokkur sveitarfélög hafa glímt við viðvarandi erfiðleika í rekstri. Sum þeirra eru á vaxtarsvæðum og í hraðri uppbyggingu en önnur eru á svæðum þar sem íbúum fækkar. Brýnt er að styrkja stöðu sveitarstjórnarstigsins í heild og koma í veg fyrir hallarekstur þess. Á síðasta þingi voru samþykkt ný sveitarstjórnarlög í þessum tilgangi og taka þau gildi í ársbyrjun 2012. Samkvæmt þeim eru m.a. skilgreind viðmið um að skuldir takmarkist við 150% af tekjum og að jafnvægi skuli vera milli heildartekna og útgjalda á hverju þriggja ára tímabili. Til að takast á við núverandi aðstæður vinnur innanríkisráðuneytið að fjármálalegri aðlögun einstakra sveitarfélaga sem löguð er að hverju sveitarfélagi fyrir sig. Unnið er að mótun bindandi fjármálareglna fyrir ríkissjóð sem verða tilbúnar í apríl 2012.

Skuldir hins opinbera

Miðað við núverandi áætlanir um fjármál hins opinbera má gera ráð fyrir að skuldirnar án lífeyrisskuldbindinga og skammtíma viðskiptaskulda lækki og verði við Maastricht-skilyrðið, sem er 60% af landsframleiðslu, á árabílinu 2016 til 2019. Þar með yrði aflétt þeim fjötrum sem óhagstæð þróun opinberra fjármála hefur haft í för með sér. Í stað neikvæðra ruðningsáhrifa myndi hagstæð þróun opinberra fjármála varða veginn fyrir auknar fjárfestingar einstaklinga og fyrirtækja og stuðla þannig að auknum hagvexti. Í ljósi smæðar íslenska hagkerfisins er nauðsynlegt að ríkissjóður hafi fjárhagslegt svigrúm þegar áföll dynja yfir. Því er skynsamlegt að stefna að enn frekari lækkun skulda eftir lok núverandi áætlunar um fjármál hins opinbera. Bætt fjárhagsstaða ríkissjóðs er einnig forsenda þess að hægt verði að standa vörð um og styrkja velferðarþjóðfélag að norrænni fyrirmynd.

Skattaumhverfi einstaklinga og einstaklinga starfandi í eigin félögum

Unnið er að endurskoðun á skattþrepum í tekjuskatti einstaklinga ásamt persónuafslætti til samræmis við viljayfirlýsingu með kjarasamningum ASÍ og SA. Fjármálaráðuneytið vinnur jafnframt að

endurskoðun laga um tekjuskatt einstaklinga sem starfa í eigin félögum, m.a. til að takmarka arðgreiðslur sem skattlagðar eru sem fjármagnstekjur við 20% af hagnaði fyrirtækis. Ákveðið hefur verið að draga úr skattaflætti séreignarsparnaðar úr 4% í 2% frá áramótum 2011 og 2012. Lokið var við lagasetningu er varðar mat á fyrirtækjum til stofns til skattlagningar auðlegðarskatts. Auðlegðarskattur verður framlengdur til ársins 2015. Einstaklingar greiða 1,5% auðlegðarskatt af hreinni eign á bilinu 75 m.kr. til 150 m.kr. og hjón á bilinu 100 m.kr. til 200 m.kr. en viðbótarskattþrep á hreina eign einstaklinga yfir 150 m.kr. og hjóna yfir 200 m.kr. verður sett á og verður 2%. Lokið verður við innleiðingu kolefnisgjalds þannig að gjaldið taki alfarið mið af viðmiðunarverði á uppboðsmarkaði í Evrópu í stað 75% nú. Vörugjald af bensíni mun hækka minna en ráð var fyrir gert til mótvægis við þessa breytingu. Unnið er að því að breikka gjaldstofn kolefnisgjalds þannig að hann nái einnig til kolefnis af jarðefnauppruna í föstu formi.

Skattaumhverfi fyrirtækja

Fjármálaráðuneytið vinnur að því að endurskoða skattaumhverfi fyrirtækja. Verið er að skoða lög in með það að leiðarljósi að hvetja til fjárfestingar og nýsköpunar samhliða því að jafna samkeppnisstöðu. Ýmsar breytingar voru gerðar á vorþingi 2011 m.a. breytingar á lögum um skattafrádrátt arðgreiðslna og flutning söluhagnaðar á milli fyrirtækja. Einnig var lokið við lagabreytingar um afdráttarskatt á vaxtagreiðslur til erlendra aðila þannig að þær nái bara til vaxtatekna íslenskra verðbréfa en ekki erlendra lánasamninga. Lokið var við lagasetningu sem gefur fyrirtækjum aukið svigrúm til að dreifa greiðslu virðisaukaskatts og aðflutningsgjöldum. Fjármálaráðuneytið vinnur að reglugerð um skattlagningu afleiðuviðskipta sem áætlað er að ljúki í árslok 2011.

Nýr fjársýsluskattur

Lagður verður á nýr fjársýsluskattur á heildarlaunagreiðslur fjármálafyrirtækja, lífeyrissjóða og váttryggingarfélag. Hann verður 10,5% til að byrja með. Jafnframt verði sérstakur skattur sem verður 0,0875% lagður á fjármálafyrirtækin til að fjármagna hlut viðskiptabankanna í sérstakri vaxtaniðurgreiðslu til skuldsettra heimila.

Breytingar á bótafjárhæðum

Fjármálaráðuneytið og velferðarráðuneytið vinna að breytingum á bótafjárhæðum í samræmi við viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga frá 5. maí 2011. Þar var ákveðið að endurskoða bætur almannatrygginga með hliðsjón af niðurstöðum kjarasamninga milli ASÍ og SA, þannig að atvinnulausir njóti svipaðra kjarabóta og samningarnir segja til um. Tekju- og eignatenging vaxtabóta og barnabóta verður endurskoðuð fyrir árslok 2011.

Endurskoðun opinberra innkaupa

Reglur um opinber innkaup eru í endurskoðun í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins ekki síst til að tryggja eðlilegt samkeppnisumhverfi og réttindi launafólks. Þar er verið að horfa til réttinda starfsmanna bæði hjá verktökum og undirverktökum ekki síst að starfsmenn séu í föstu ráðningarsambandi.

Samræmd skattlagning auðlinda

Fjármálaráðuneytið vinnur að því að samræma skattlagningu auðlinda. Verið er að endurskoða lög um auðlindaskatt á kvóta og skattlagningu fyrirtækja sem njóta niðurgreiddrar orku. Gert er ráð fyrir að veiðigjald fari úr 13,3% í 27%.

6. Vinnumarkaður, menntun og velferð

Atvinnuleysi hefur heldur lækkað á þessu ári samanborið við árin 2009-2010. Á öðrum ársfjórðungi þessa árs stóð atvinnuleysi í 8,5% og hafði atvinnuleitendum fækkað um 400 frá sama ársfjórðungi 2010 samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands. Atvinnuleysið var 5,9% á þriðja ársfjórðungi samkvæmt sömu heimild. Skráð atvinnuleysi hjá Vinnumálastofnun hefur að sama skapi lækkað. Á árinu 2009 voru að meðaltali 9.363 manns á atvinnuleysissskrá í hverjum mánuði og á árinu 2010 voru þeir 9.281. Það sem af er þessu ári eru þeir að meðaltali um 8.858 talsins. Enn eru þó að koma fram hópuppsagnir vegna skipulagsbreytinga hjá fyrirtækjum sem áfram valda óvissu um þróun atvinnuleysis. Eins og fyrr kemur atvinnuleysið hvað þyngst niður á ungu fólki og meðal þeirra sem hafa einungis grunntmenntun. Þá er atvinnuleysistímabilið að sama skapi að lengjast hjá þessum hópi. Meginmarkmið stjórnvalda er að lágmarka tjón af langtímaatvinnuleysi, auðvelda atvinnulausum atvinnuþátttöku á nýjan leik og búa í haginn fyrir sköpun nýrra starfa. Markmiðið er að atvinnuleysi verði komið niður fyrir 5% árið 2013.

Aðgerðir til að draga úr áhrifum langtímaatvinnuleysis

Stjórnvöld hafa gripið til viðtækra aðgerða til þess að virkja atvinnuleitendur í því skyni að takmarka afleiðingar langtímaatvinnuleysis. Framboð á vinnumarkaðsúrræðum hefur aukist, bóttatímabilið lengst, bætur veittar þeim sem búa við skert starfshlutfall og reglur um bætur rýmkaðar til atvinnuleitenda sem störfuðu áður sjálfstætt. Starfsendurhæfingarsjóður var lögfestur í júlí 2011 þannig að allir launagreiðendur greiði í sjóðinn mótframlag af launum. Lífeyrissjóðir greiða nú mótframlag í sjóðinn ásamt launagreiðendum. Áður höfðu opinberir vinnuveitendur samið við starfsmenn sína um slíkar greiðslur.

Efling menntunar

Í samræmi við [yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar](#) vegna kjarasamninga í maí 2011 er nú í gangi áttak á sviði vinnumarkaðsaðgerða og eflingar menntunar. Í því sambandi er m.a. gert ráð fyrir að framhaldsskólar taki við öllu því ungu fólki sem leitar eftir námstækifærum og auka á aðgengi fyrir atvinnuleitendur og fyrirtæki að starfstengdum úrræðum. Væntingar eru um að þessar aðgerðir geri ungu fólki í atvinnuleit kleift að laga sig að vinnumarkaðnum og auki menntunarstig þjóðarinnar. Aukin menntun, sérstaklega í verkgreinum, mun styðja aftur við vaxtarmöguleika útflutningsfyrirtækja. Á sama hátt þarf að hvetja fyrirtæki sem eru í vexti til þess að taka við einstaklingum í starfsþjálfun til að vinna gegn langtímaatvinnuleysi.

Vinnumarkaðurinn og menntakerfið er sveigjanlegt á Íslandi. Má í þessu sambandi benda á að þótt brottfall ungs fólks úr framhaldsskólum sé talsvert hátt, vegur á móti að það hefur átt auðvelt með að hverfa frá vinnu og hefja nám síðar á lífsleiðinni. Þegar tekið er tillit til þess fjölda sem er utan hins hefðbundna skólaaldurs er útskriftarhlutfallið úr framhalds- og háskólum að meðaltali hátt á Íslandi í alþjóðlegum samanburði.

Til lengri tíma verður unnið að stefnumótun í menntun m.a. með tilliti til þarfa atvinnulífsins og áherslna í fjárfestingarstefnu. Mennta- og menningarmálaráðuneytið er að hefja vinnu við endurskoðun laga um LÍN og verður haft samráð við aðila vinnumarkaðarins um það verkefni. Stofna á þróunarsjóð sem nota á til að efla starfstengt nám á ýmsum skólastigum og þróa styttri námsbrautir. Vinnustaðanámssjóður verður eflur með 150 m.kr. framlagi árið 2012 til að mæta kostnaði við starfsnám á vinnustað. Vinna við vottun náms og við gerð gæðakerfis sem auðveldar mat

á námi þannig að nemendum verði gert auðveldara að fá nám metið inn í framhaldsskóla er áætluð á næstunni. Jafnframt er gert ráð fyrir að leita samstarfs við háskóla um sama markmið.

Réttarstaða starfsmanna

Velferðarráðuneytið og fjármálaráðuneytið vinna að því að tryggja réttarstöðu starfsmanna fyrirtækja sem tekin eru til gjaldþrotaskipta. Lög um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti, er varða launakjör og starfsskilyrði auk verndar gegn uppsögnum, ná ekki til starfsmanna fyrirtækja sem fara í gjaldþrot og því á að breyta á haustþingi.

Fjölgun starfa

Jákvæð teikn eru á lofti um að fjöldi starfandi á vinnumarkaði sé að aukast. Á öðrum ársfjórðungi 2011 fjölgaði starfandi um 500 manns frá sama ársfjórðungi á árinu 2010. Helst má greina fjölgun starfa í fiskveiðum, hótél- og veitingarekstri, heilbrigðis- og félagsþjónustu og í „öðrum iðnaði“. Í ráðuneytum og stofnunum er nú unnið að nánari tölfræðigreiningu á vinnumarkaði, en nauðsynlegt er að búa svo um hnútana að hægt verði að greina laus störf til að leggja mat á hugsanlegt misgengi milli framboðs og eftirspurnar á vinnuafli með tilliti til menntunar og atvinnugreina.

Búferlaflutningar

Sveiflur eru í tölum um búferlaflutninga til og frá landinu. Á árinu 2010 fluttust 2.134 einstaklingar brott af landinu umfram aðflutta en af þeim voru 431 eða liðlega 20% erlendir ríkisborgarar. Flutningsjöfnuðurinn var þó mun hagstæðari en árið áður þegar 4.835 manns fluttust brott umfram aðflutta. Þar af voru 2.368 erlendir ríkisborgarar eða 49% af heildarfjölda brottfluttra. Tölur um fyrri hluta árs 2011 gefa von um að viðsnúningur sé að eiga sér stað en 545 fleiri fluttu frá landinu en til þess fyrstu sex mánuði ársins. Á sama tíma 2010 voru brottfluttir tvöfalt fleiri eða 1.090.

Langtímaatvinnuleysi og samspil við bótakerfið

Stjórnvöld leggja mikla áherslu á að koma í veg fyrir að langtímaatvinnuleysi festist í sessi hér á landi. Reynslan sýnir að því lengur sem atvinnuleysi varir því erfiðara verður fyrir atvinnuleitanda að finna starf við hæfi og verða fullgildur þátttakandi í atvinnulífinu. Umgjörð atvinnuleysisbóta verður að vera í stöðugri endurskoðun í samræmi við breyttar aðstæður. Ef ekki er haldið rétt á spilunum, getur bótakerfið dregið úr hvata til að taka við störfum sem í boði eru. Fjárhæðir bóta skipta máli og samkeppnishæfni bóta í samanburði við laun fyrir almenna vinnu. Þá skiptir máli hversu víðtækur bótarétturinn er, lengd bótaréttar og hvernig reglum um skylduvirkni er framfylgt.

Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands minnkaði atvinnuþátttakan lítillega á árinu 2010. Skýrist þetta af því að þeim fjölgaði sem voru atvinnulausir og þáðu ekki störf sem buðust innan tiltekins tíma. Árið 2006 var hlutfall þessa hóps af þeim sem voru utan vinnumarkaðar 3,3% en var komið upp í 8,8% í fyrra.

Spá Hagstofunnar gerir ráð fyrir að atvinnuleysi á þessu ári verði að meðaltali 7,2% en lækki jafnt og þétt og verði komið niður í 4,8% af vinnuafli árið 2015. Markmið stjórnvalda er að lækkun atvinnuleysis gangi hraðar fyrir sig en spá Hagstofunnar segir til um og verði komið undir 5% 2013.

Samræming lífeyrisréttinda

Áfram verður unnið að samræmingu lífeyrisréttinda í starfshópi sem skipaður var á grundvelli stöðugleikasáttmálans með þátttöku allra aðila á vinnumarkaði. Þar er unnið að tillögum að nýju samræmdu og sjálfbæru lífeyriskerfi fyrir allan vinnumarkaðinn. Stjórnvöld hafa gefið fyrirheit um að

ekki verði hróflað við þegar áunnum réttindum opinberra starfsmanna og breytingar á lífeyrismálum unnar í nánu samráði við samtök þeirra.

Jöfnun áunninna lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins er viðamikil og brýnt verkefni, samanber það sem að ofan greinir um samræmt og sjálfbært lífeyriskerfi fyrir vinnumarkaðinn í heild. Gripið hefur verið til almennra skerðinga á lífeyrisgreiðslum í lífeyrissjóðum á samningssviði ASÍ vegna áfalla sem þeir hafa orðið fyrir í tengslum við hrun fjármálakerfisins. Ástæða er til að bregðast sérstaklega við þeim vanda sem hér um ræðir. Það gæti t.a.m. falist í þátttöku ríkisins í inngreiðslum til að jafna upp á við lífeyrisréttindi í almenna kerfinu eftir því sem við á og þegar aðstæður í ríkisfjármálum leyfa og þá á 10-15 ára tímabili. Stjórnvöld hafa skipað starfshóp með fulltrúum ASÍ, SA og fjármálaráðherra til að gera tillögur um hvernig það verði gert og munu niðurstöður hans verða lagðar fyrir Alþingi þegar þær liggja fyrir.

Barnatryggingar

Unnið er að því í velferðarráðuneyti að barnatryggingar leysi af hólmi barnabóta- og barnalífeyriskerfin og verði lögfestar á árinu 2012.

Tekjuskipting og jafnrétti kynjanna

Eitt af meginmarkmiðum ríkisstjórnarinnar er að jafna lífskjör og draga úr ójöfnuði. Ójöfnuður minnkaði frá 2009 til 2010. Gini-stuðullinn¹ var hæstur 29,6 árið 2009 en var 25,6 árið 2010. Þannig hefur töluverður árangur náðst í að minnka ójöfnuð. Unnið er að gerð jafnlaunastaðals sem áætlað er að verði tilbúinn til notkunar um áramót. Hér er um frumkvöðlavinnu að ræða enda hefur slíkur staðall hvergi verið tekinn í notkun.

Kynjuð fjárlagagerð er eitt af þeim tækjum sem hægt er að nýta til að stuðla að jafnrétti og réttlátari öflun og dreifingu opinberra fjármuna. Árið 2009 hófst innleiðing kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar á Íslandi með tilraunaverkefnum sem hleypt var af stökkunum innan ráðuneyta og stofnana. Tilraunaverkefnin voru fyrsta skrefið í að þróa tæki og aðferðir fyrir Ísland ásamt því að byggja upp þekkingu og efla vitund um mikilvægi kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar. Verkefnin eru mismunandi hvað varðar bæði umfang og viðfangsefni og eru niðurstöður þeirra kynntar í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2012. Í næsta áfanga innleiðingarinnar er m.a. lögð áhersla á að öll ráðuneyti vinni með einn meginmálaflokk samkvæmt aðferðum kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar næstu þrjú árin. Stefnt er að því að verkáætlun verði tilbúin um næstu áramót og árlega verði birtar skýrslur um framvindu verkefnanna. Efnahagsáætlun stjórnvalda er hluti af þessu verkefni. Kynjuð fjárhagsáætlunargerð hefur einnig farið af stað hjá sveitarfélögum og eru sum þeirra að stíga sín fyrstu skref í innleiðingu hennar.

Stefnumótun í húsnæðismálum

Í kjölfar skuldaaðlögunar heimila og þeirra breyttu aðstæðna sem eru á húsnæðismarkaði þarf að fjölga búsetuformum. Meginmarkmið er að tryggja öllum húsnæði við hæfi og því þarf húsnæðismarkaður að vera virkur og mæta breytilegum þörfum á viðunandi kjörum. Ríkisstjórnin hefur haft það á stefnuskrá sinni að móta húsnæðisstefnu sem eykur fjölbreytni í búsetuformi. Í því

¹ Gini stuðull tekur gildið 0 til 100 eftir dreifingu tekna. Stuðullinn tekur gildið 100 ef sami einstaklingurinn hefði allar tekjur en 0 ef allir hefðu jafnar tekjur.

Ijósi er unnið að lagabreytingu sem auðveldar stofnun húsnæðissamvinnufélaga og því að íbúðalánasjóði verði gert kleift að bjóða íbúðir til kaupleigu.

Húsnæðisbótakerfi

Unnið er að því að útfæra húsnæðisbótakerfi sem mun leysa vaxtabóta- og húsaleigubótakerfið af hólmi árið 2013. Grundvallarmismunur er á framkvæmd þessara tveggja kerfa þar sem vaxtabótakerfið er í höndum ríkisins en húsaleigubótakerfið í höndum sveitarfélaga. Markmiðið verður að jafna réttindi einstaklinga á eignamarkaði annars vegar og leigumarkaði hins vegar.

7. Skuldaaðlögun heimila og fyrirtækja

Tvíburakreppur, þ.e. samhliða banka- og gjaldeyriskreppur, valda að jafnaði miklum erfiðleikum hjá heimilum og fyrirtækjum. Þeim fylgir oftast nær snörp lækkun raungengis og minnkandi innlend eftirspurn. Efnahagsreikningar fyrirtækja verða fyrir höggi og aðgangur að erlendu lánsfé minnkar á sama tíma og innlendir bankar standa tæpt og eru í óvissu um gæði lánasafna sinna. Í ljósi þess er mikilvægt að skuldir heimila og fyrirtækja séu færðar niður að raunvirði með skjótum og skilvirkum hætti. Á Íslandi var skuldsetning einkageirans sérlega stórt vandamál þar sem lán bankanna til fyrirtækja voru að stærstum hluta í erlendri mynt. Þegar verð erlendra gjaldmiðla tvöfaldaðist á árinu 2008 sátu þúsundir fyrirtækja uppi án gengisvarna og með skuldir langt umfram eignir. Meirihluti íslenskra heimila er með verðtryggð húsnæðislán sem hækkuðu í verðbóluskotinu samhliða rýrnun kaupmáttar og auknu atvinnuleysi. Endurskipulagning skulda heimila og atvinnulífs hefur því verið eitt mikilvægasta verkefni stjórnvalda til að koma fjárfestingu og einkaneyslu af stað á ný í kjölfar bankahrunsins.

Endurskipulagning skulda heimila og fyrirtækja er langt á veg komin en slíkar aðgerðir eru oft flóknar og tímafrekar, eins og reynsla annarra ríkja sýnir. Í dag sýna tölur að ákveðinn árangur hefur náðst við endurskipulagningu skulda. Niðurfærslum vegna endurútreikninga lána samkvæmt dómum Hæstaréttar Íslands um ólögmati tengingar lána í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla er nánast lokið hvað heimilin áhrærir. Markmið ríkisstjórnarinnar hefur verið að ljúka skuldaúrvinnslu heimila, lítilla og meðalstórra fyrirtækja fyrir lok ársins 2011. Öllum tilboðum um endurskipulagningu skulda fyrirtækja verði lokið fyrir sama tíma.

Skuldaaðlögun heimila

Óhætt er að fullyrða að verulegur árangur hafi náðst við skuldaaðlögun heimilanna. Efnahags- og viðskiptaráðuneytið telur brýnt að ráðuneytinu verði tryggður aðgangur að gögnum svo unnt verði að greina þann hóp sem telur sig ekki fá úrlausn með núverandi úrræðum m.a. eftir kyni, tekjum, eignum og fjölskyldugerð. Að því verkefni hefur verið unnið um alllangt skeið m.a. í tengslum við frumvarp til laga um rannsókn á stöðu skuldugra heimila sem lagt hefur verið fram á Alþingi í tvígang og ekki hlotið framgang. Nú er unnið að útfærslu á þessu verkefni í samvinnu ráðuneytisins við Hagstofu Íslands, Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið.

Árangur skuldaaðlögunar heimila kemur m.a. fram í tölum um aukna einkaneyslu á þessu ári og búist er við talsverðum vexti á næstu árum. Skiptir hér máli niðurfærsla skulda, tímabundin frýsting lána og fyrirframgreiðsla séreignarsparnaðar sem heimilunum hefur verið frá 1. október 2011 til 30. júní 2012. Að auki mun hækkun vaxtabóta til heimila með þunga skuldabyrði og lágar miðlungstekjur sem tók gildi um síðustu áramót skila sér í bættri stöðu þeirra. Sérstök vaxtaniðurgreiðsla var greidd út á

yfirstandandi ári og svo verður einnig á árinu 2012. Kostnaður við þá niðurgreiðslu er 12 milljarðar króna. Áætlað er að kjarasamningar sem skrifað var undir síðastliðið vor muni skila um 6% launahækkun á árinu 2011 og árlegri launahækkun á bilinu 4,2% til 5% fram til 2015. Spá Hagstofunnar um hækkun kaupmáttar ráðstöfunartekna kveður á um 3,3% hækkun á þessu ári og um 2,5%-3,2% árlega fram til 2015.

Niðurfærsla lána heimilanna

Í lok ágúst 2011 var búið að færa niður lán heimilanna um 164 ma.kr. eins og nánar er rakið hér að neðan. Þar af 131 ma.kr. vegna endurútreiknings gengistryggðra lána sem skiptist á milli íbúðalána, samtals 92 ma.kr. og bifreiðaviðskipta 38 ma.kr.

Í desember á síðasta ári undirrituðu stjórnvöld, lánastofnanir og lífeyrissjóðir yfirlýsingu um aðgerðir vegna skuldavanda heimila. Annars vegar varðandi svokallaða 110% leið og hins vegar vegna breytinga á sértækri skuldaaðlögun. Áætlað er að heildarniðurfærsla lána heimila muni nema um 200 ma. kr..

110% leiðin

110% leiðin byggist á því að lántakendum með yfirveðsett íbúðarhúsnæði bauðst fram til 1. júlí sl. að fá eftirstöðvar fasteignaskulda færðar niður að 110% af verðmæti fasteignar að því tilskildu að skuldirnar væru vegna fasteignakaupa fyrir árið 2009 og hvíldu með veði á eign sem ætluð var til heimilishalds. Á fyrstu mánuðunum eftir undirritun yfirlýsingarinnar höfðu mun færri umsóknir um 110% leiðina borist bönkum og Íbúðalánasjóði en áætlað var í byrjun. Það skýrist að hluta af því að Íbúðalánasjóður fékk ekki heimild frá Alþingi til þess að afgreiða umsóknir fyrr en tveimur mánuðum eftir undirritunina. Rétt áður en fresturinn rann út fóru umsóknir að skila sér í mun meira mæli. Í mars 2011 höfðu 4.024 umsóknir borist fjármálafyrirtækjum og Íbúðalánasjóði en í lok ágúst 2011 voru þær orðnar 15.594, þar af höfðu 468 umsóknir borist lífeyrissjóðum fyrir lok júlí sl. Af þessum umsóknum var búið að samþykkja 8.551 umsókn í lok ágúst 2011 og nam heildarfjárhæð niðurfærslu lánanna 27.189 m.kr., þar af 24 ma.kr. hjá fjármálafyrirtækjum. Áður höfðu bankar og sparissjóðir afgreitt skv. gömlu 110% leiðinni 1.510 umsóknir og nam sú niðurfærsla 9.864 m.kr.

Breytingar á sértækri skuldaaðlögun

Markmiðið með breytingum á sértækri skuldaaðlögun var að tryggja að úrræðið nýttist fleiri heimilum. Með breytingunum var lántakendum í miklum greiðsluvanda boðið að færa lán sín niður í allt að 70% af verðmæti íbúðarhúsnæðis til samræmis við greiðslugetu. Allt að 30% af virði eignar er þá sett á vaxta- og afborgunarlaust biðlán í þrjú ár og skuldir umfram 100% felldar niður. Í lok mars 2011 höfðu 722 umsóknir verið teknar til afgreiðslu hjá fjármálafyrirtækjum, þar af höfðu 543 umsóknir verið samþykktar. Í lok ágúst voru umsóknirnar komnar í 1.372 og þar af höfðu fjármálafyrirtækin samþykkt 894 umsóknir. Athygli er vakin á því að hugsanlega eru einhverjar tvítalningar á umsóknum. Heildarfjárhæð niðurfærslna nam 6.201 m.kr. samkvæmt þessu úrræði í lok ágúst 2011.

Í nýjustu skýrslu [Eftirlitsnefndar um sértæka skuldaaðlögun](#) er komist að þeirri niðurstöðu að í þeim tilvikum sem nefndin skoðaði séu sambærileg mál afgreidd með sambærilegum hætti. Nefndin leggur þó til að fjármálafyrirtæki bjóði viðskiptavinum sínum úrræði að eigin frumkvæði.

Frysting lána

Í lok ágúst á þessu ári voru alls 2.461 heimili (3.899 lán) með lán í frystingu hjá fjármálafyrirtækjum og íbúðalánasjóði. Til samanburðar voru í lok árs 2010, 4.412 heimili (6.867 lán) í frystingu. Frystingum lána fækkaði því um 43% á þessu tímabili. Eftirstöðvar lána í frystingu námu um 43.066 m.kr. í lok júlí 2011.

Greiðsluaðlögun

Umsóknir um greiðsluaðlögun hjá Umboðsmanni skuldara voru alls 3.737 1. október sl. Þar af var búið að taka ákvörðun um 1.874 umsóknir. Af þessum ákvörðunum er þegar búið að útvega 1.427 umsækjendum umsýjónaraðila og af þeim hafa 111 samningar náðst, 167 umsóknum verið synjað og 157 verið afturkallaðar af frumkvæði umsækjanda. Enn er því allnokkur fjöldi enn til meðferðar.

Áður en embætti Umboðsmanns skuldara var sett á fót höfðu dómstólar frá maí 2009 til ágúst 2010 samþykkt 130 umsóknir um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði og 555 vegna nauðasamninga til greiðsluaðlögunar. Eftir það, eða frá september 2010 til september 2011, hafa dómstólar samþykkt 40 umsóknir til viðbótar um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði og 124 vegna nauðasamninga til greiðsluaðlögunar.

Verulegur skriður hefur komist á afgreiðslu umsókna hjá Umboðsmanni skuldara, en embættið afgreiðir nú að meðaltali um 200-250 umsóknir í hverjum mánuði. Þá hefur umsóknum farið fækkandi sem skýrist af því að tímabundið ákvæði um frestun greiðslna við móttöku umsóknar féll úr gildi 1. júlí sl. Á móti hefur beiðnum um ráðgjöf farið fjölgandi. Að mati Umboðsmanns skuldara er skýringa á töfum á afgreiðslu mála helst að leita í samningaferlinu sjálfu, eftir að ákvörðun hefur verið tekin um heimild til aðlögunar greiðslna. Ýmiss konar álitæfni koma upp og ágreiningur milli kröfuhafa, umsýjónarmanns og skuldara getur tafið fyrir úrlausn.

Skuldaaðlögun fyrirtækja

Af hálfu Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins er þrýst á að úrvinnsla skuldamála vegna fyrirtækja sé skilvirk. Fjármálaeftirlitið hefur skilgreint áhættuvogir og bætt söfnun gagna um vanskil útlána til að greina betur árangur af skuldaúrvinnslu og áhættuþætti. Samkeppniseftirlitið mun áfram ganga eftir því við fjármálafyrirtækin að þau skuldsetji fyrirtæki ekki um of í skuldaúrvinnslu og setja þeim stíf skilyrði um sölu fyrirtækja sem þau hafa tekið yfir. Ofskuldsetning fyrirtækja getur kallað yfir banka sektir og viðurlög samkvæmt samkeppnislögum.

Á sama tíma og undirritað var samkomulag við fjármálafyrirtækin um niðurfærslu skulda heimila var gert samkomulag um endurskipulagningu skulda lítilla og meðalstórra fyrirtækja, nefnt *Beina brautin*. Eftir hæga byrjun á endurskipulagningunni hefur nú komist verulegur skriður á málin. Í lok maí á þessu ári var búið að senda nánast öllum fyrirtækjum sem falla undir úrræðið tilboð um skuldaúrvinnslu. Jafnframt hafa fjármálafyrirtækin boðið fyrirtækjum úr ýmsum atvinnugreinum sértækar skuldaúrlausnir m.a. fasteigna-, fjárfestingar- og eignarhaldsfélögum. Í lok ágúst sl. var búið að færa niður alls um 921 ma.kr skuldir fyrirtækja, þar af 102,2 ma.kr. vegna endurútreikninga á erlendum gengistryggðum lánnum, 124,2 ma.kr. hjá minni fyrirtækjum, 629 ma.kr. hjá stórum fyrirtækjum og 65,3 ma.kr. skv. *Beinu brautinni*. Alls eru þetta 2.177 lán skv. *Beinu brautinni* og sértækri skuldaúrlausn og 4.190 vegna endurútreikninga gengistryggðra lána.

Samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands eru teikn á lofti um aukna fjárfestingu og vaxandi útflutning. Sérstaklega er eftirtektarvert að spáin gerir ráð fyrir aukinni fjárfestingu í öðrum iðnaði en

stóriðju. Mikilvægt er því að hraða sem fyrst skuldaaflögun fyrirtækja svo þeim sé gert kleift að byggja upp starfsemi sína og skapa atvinnutækifæri eftir erfiðleika síðustu ára. Efnahags- og viðskiptaráðuneytið mun áfram fylgjast með skuldaúrræðum fyrirtækja og þrýsta á að fjármálafyrirtækin hraði skuldaúrvinnslunni.

8. Endurreist fjármálakerfi

Verulegur árangur hefur náðst við endurreisn fjármálakerfisins og við umbætur á umgjörð og eftirliti. Lög og reglur hafa verið styrkt, samstarf eftirlitsaðila aukið, starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins fjölgað auk þess sem bankarnir hafa verið endurfjármagnaðir og hafa nú fjárhagslegt bolmagn til þess að takast á við nauðsynlega fjárhagslega endurskipulagningu á skuldum heimila og fyrirtækja. Frekari aðgerða er þó þörf til þess að fjármálakerfið geti sinnt hlutverki sínu við miðlun fjármagns af fullum krafti. Meginmarkmiðið er áframhaldandi hagræðing bankakerfisins, virkari miðlun sparnaðar til arðbærra verkefna í efnahagslífinu og efling fjármálamarkaða.

Fjárhagslegri endurskipulagningu flýtt

Fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja hefur gengið of hægt og nýsköpun í atvinnulífinu hefur verið takmörkuð. Þannig hefur til að mynda ekkert nýtt fyrirtæki verið skráð í Kauphöll Íslands frá hrúni. Einnig er ljóst að íslenska bankakerfið er enn mjög stórt í alþjóðlegum samanburði, hvort sem litið er til fjölda starfsmanna, stærðar efnahagsreikninga eða þarfa innlands markaðar fyrir fjármálaþjónustu. Umtalsverð hagræðing varð með sameiningu SpKef og Landsbankans og sameiningu Byrs og Íslandsbanka. Þrátt fyrir þessar sameiningar virðist nauðsynlegt að enn frekari hagræðingu verði náð í fjármálakerfinu – sérstaklega þegar lokið hefur verið við endurskipulagningu skulda heimila og fyrirtækja. Á vegum Bankasýslu ríkisins er unnið að úttekt á framtíðarstöðu sparisjóðakerfisins.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið vinnur að greiningu á þörfum þjóðarinnar fyrir fjármálakerfi og því framtíðarskipulagi fjármálamarkaðarins sem leiðir af slíkri greiningu. Efnahags- og viðskiptaráðherra mun skila Alþingi skýrslu um málið á haustþingi 2011. Á grundvelli skýrslunnar verður efnt til opinna umræðu um ýmsa þætti uppbyggingar fjármálakerfisins, svo sem um aðskilnað viðskiptabankastarfsemi og fjárfestingabankastarfsemi.

Ný eigendastefna ríkisins

Unnið er að nýrri eigendastefnu ríkisins, í samstarfi forsætis-, fjármála- og efnahags- og viðskiptaráðuneytis, sérstaklega með tilliti til framtíðar minni fjármálafyrirtækja í opinberri eigu.

Áhættustýring efl

Breytingar hafa verið gerðar á lögum um fjármálafyrirtæki frá hrúni bankakerfisins, m.a. í ljósi tillagna Kaarlo Jännäri og breytinga á regluverki ESB. Með breytingunum var áhættustýringu veitt formlegri staða innan fjármálafyrirtækja, lánveitingar með veði í eigin hlutabréfum eða stofnfjárbréfum voru bannaðar, reglur um lán til tengdra aðila hertar, kvaðir á fjármálafyrirtæki varðandi veitingu upplýsinga til eftirlitsstofnana auknar, samstarf eftirlitsaðila aukið, m.a. um miðlun upplýsinga um stöðu stærri lántakenda, hæfis- og hæfniskröfur til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra auknar auk þess sem skerpt var á ákvæðum um persónulega ábyrgð þessara aðila.

Hert ákvæði um innri og ytri endurskoðun

Ákvæði um innri og ytri endurskoðun hafa verið hert og skerpt á hlutverki endurskoðenda. Þessu til viðbótar hafa verið settar reglur um kaupauka og starfslokasamninga auk þess sem kröfur um gegnsæi í eignarhaldi fyrirtækja hafa verið auknar. Lagabreytingarnar styrkja breytingar á reglum Fjármálaeftirlitsins um tengda aðila, stórar áhættuskuldbindingar, lán í erlendri mynt og lausafjárstýringu sem verið er að ljúka við. Áfram er unnið að frekari breytingum á lagaumgjörð fjármálafyrirtækja, m.a. með skýrari reglum um eigið fé og útreikninga á fjárhagslegum styrk og um starfsheimildir einstakra tegunda fjármálafyrirtækja. Vinnu við samræmda skýrslugjöf fjármálafyrirtækja til Fjármálaeftirlitsins er lokið og var skilað í fyrsta sinn í september 2011. Mun þessi upplýsingagjöf auðvelda Fjármálaeftirlitinu eftirlit með stöðu fjármálafyrirtækja.

Eiginfjárlutföll lækkuð

Eiginfjárlutföll bankanna eru há í sögulegum samanburði og nokkuð hærrí en gerist meðal bankakerfa annarra Evrópuríkja sem urðu verst úti í alþjóðlegu bankakreppunni. Hlutfall lána í vanskilum er þó sérstaklega hátt hér á landi og er því mikilvægt að eiginfjárlutföll bankanna nú séu nægilega rúm til þess að takast á við óvissu vegna vanskila. Mikilvægt er að eiginfjárlutföll endurspegli sem best þá áhættu sem felst í lánnum í vanskilum. Þá þurfa eiginfjárreglur að taka fullt tillit til þess þegar lán hafa verið endurskipulögð með mikilli skuldsetningu og líkur eru á frekari afskriftum. Hugsanlegt er að nákvæmara mat á áhættu einstakra eignaliða geti gefið tilefni til einhverrar lækkunar á heildareiginfjárlutföllum. Slíkt gæti greitt fyrir veitingu nýrra útlána þar sem kostnaður við þau yrði minni.

Nýtt innstæðutryggingakerfi innleitt

Væntanlegar eru breytingar á lögum um innstæðutryggingar frá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu og þau færð til samræmis við alþjóðlegar kjörreglur. Stefnt er að lögleiðingu nýs innstæðutryggingakerfis fyrir lok þessa árs.

Endurskipulag eftirlits á fjármálamarkaði

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið vinnur að greiningu á stofnanaumgjörð fjármálakerfisins samhliða greiningu á valkostum til framtíðar. Í skýrslu um framtíðarfyrirkomulag fjármálakerfisins og fyrirkomulag eftirlits verður m.a. fjallað um kosti þess hvernig haga skuli samstarfi og verkaskiptingu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands. Gert er ráð fyrir að skýrslan verði rædd á Alþingi og í nefnd. Í kjölfarið mun hópur sérfræðinga, erlendra og innlendra, vinna tillögur að frumvarpi sem lagt verður fram haustið 2012.

Endurskipulagning Íbúðalánasjóðs

Mikið tap Íbúðalánasjóðs í bankahruninu hefur sýnt fram á mikilvægi þess að umgjörð sjóðsins verði endurskoðuð og dregið úr áhættu í rekstri hans. Ríkissjóður hefur lagt sjóðnum til 33 ma.kr. Þrátt fyrir það er eiginfjárlutfall sjóðsins aðeins tæplega 2,5%, verulega undir markmiði sjóðsins skv. reglugerð um eiginfjárlutfall upp á 5%. Fyrsta skrefið í þessu samhengi er að tryggja fullt eftirlit Fjármálaeftirlitsins með fjárhagsstöðu og áhættustýringu sjóðsins. Endurskoða þarf starfsemi Íbúðalánasjóðs með það fyrir augum að tryggja að hún sé í samræmi við ríkisaðstoðarreglur á Evrópska efnahagssvæðinu. Þá er mikilvægt að draga úr áhættu í rekstri sjóðsins varðandi endurgreiðslu og lánstíma. Jafnframt þarf að tryggja að ákvarðanir um lánaframboð og vaxtaákvarðanir sjóðsins séu teknar með hliðsjón af aðstæðum í efnahagslífi og í samræmi við efnahagsstefnu stjórnvalda.

Sterkari löggjöf um íbúðalánamarkaðinn að danskri fyrirmynd

Þá þarf að tryggja að umgjörð íbúðalána á Íslandi, hvort sem þau eru veitt af opinberri stofnun eða einkaaðila, verði eins og best verður á kosið. Í því sambandi þarf að skapa skilyrði fyrir eðlilega fjármögnun á lánveitingum til alls íbúðarhúsnæðis og tryggja að lán séu veitt með fjárhagslega ábyrgum hætti. Til þess að svo sé undirbýr efnahags- og viðskiptaráðuneytið sérstaka löggjöf um íbúðalánamarkaðinn að danskri fyrirmynd.

Dregið verði úr vægi verðtryggingar og aukin fjölbreytni í lánakostum

Eitt af því sem einkennir íslenskt fjármálaumhverfi er víðtæk notkun verðtryggingar, sem innleidd var með svokölluðum Ólafslögum árið 1979 í kjölfar handstýringar á vöxtum og óðaverðbólgu sem rýrði peningalegan sparnað og höfuðstól lána vegna neikvæðra raunvaxta. Út frá sjónarhóli lánveitandans eru kostir verðtryggingar þeir að endurgreiðsla á raungildi lánsupphæðar er tryggð. Lánveitandinn getur því boðið lægri vexti og lengri lánstíma en ef lánið væri óverðtryggt og lántakandinn nýtur góðs af lægri fjármagnskostnaði. En verðtryggingin er ekki gallalaus og á tímum misvægis lána, launa og eignaverðs koma þeir gallar fram með skýrum hætti. [Nefnd á vegum efnahags- og viðskiptaráðherra](#) fjallaði um forsendur verðtryggingar og hugsanlegar leiðir til að draga úr vægi hennar í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Nefndin taldi mikilvægt að auka fjölbreytni óverðtryggðra lánakosta og benti sérstaklega á að íbúðalánasjóður bjóði upp á óverðtryggð húsnæðislán, en lög sem heimila það voru samþykkt í september síðastliðnum og Íbúðalánasjóður undirbýr slíkar lánveitingar. Einnig benti nefndin á mikilvægi þess að efla fjármálalæsi almennings, upplýsingamiðlun við sparnað og lántöku og neytendavernd til að sporna við ofskulldsetningu. Í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu hefur verið unnið að útfærslum þessara hugmynda auk þess sem fleiri atriði hafa verið tekin til athugunar. Í því sambandi má nefna atriði sem snúa að því að draga úr þeirri sjálfvirkni í verðlagningu sem verðtryggingin hefur í för með sér eins og bent er á í [nýlegri rannsóknarskýrslu Seðlabankans](#).

9. Umgjörð peningastefnu og afnám gjaldeyrishafta

Peningastefnan beið skipbrot árið 2008 með hruni íslensku krónunnar og innleiðingu gjaldeyrishafta. Ljóst er að afnám gjaldeyrishafta og enduruppbygging fjárhagslegra tengsla Íslands við alþjóðahagkerfið er eitt mikilvægasta verkefni stjórnvalda nú um stundir. Til þess að svo geti orðið þarf að móta á ný trúverðuga umgjörð gengis- og peningamálafestefnu. Við þá vinnu verður að taka tillit til þeirra vandkvæða sem alþjóðlega fjármálakreppan leiddi í ljós við framkvæmd sjálfstæðrar peningastefnu í litlum opnum hagkerfum, líkt og hinu íslenska, við skilyrði frjálsra fjármagnsflutninga. Finna þarf ásættanlega lausn sem tryggir í senn stöðugt verðlag og fjármálastöðugleika. Sameiginlegt markmið ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans er að losa um gjaldeyrishöft í samræmi við áætlunina frá 25. mars 2011 en jafnframt að umgjörð peningastefnunnar verði styrkt, bæði með breytingum á lögum um Seðlabankann og með mótun nýrrar peningastefnu.

Umgjörð Seðlabanka Íslands

Hugmyndir um þjóðhagsvarúð þurfa að tengjast náið endurskoðun á lögum um Seðlabanka Íslands og framtíð peningastefnunnar. Í þeirri vinnu er mikilvæg sú breyting sem varð í október 2009 með því að umgjörð alls fjármálamarkaðarins og efnahagsmála, þ.m.t. lög um Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið, færðist undir eitt og sama ráðuneytið með stofnun efnahags- og viðskiptaráðuneytisins. [Skýrsla Seðlabankans](#), „Peningastefnan eftir höft“, sem birt var í árslok 2010, er mikilvægt innlegg í þessa umræðu. Þar kemur skýrt fram að nýrri peningastefnu þurfa að fylgja

aukin stjórn tæki til að tryggja þjóðhagsvarúð auk þess sem gripið verði til virkari aðgerða á gjaldeyrismarkaði. Nauðsynlegt er þó að þau tæki sem til reiðu eru samræmist alþjóðlegum skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum. Gildir þá einu hvort peningastefnan verður mótuð á grunni fastgengisfyrirkomulags eða með öðrum hætti. Efnahags- og viðskiptaráðherra mun leggja fyrir Alþingi sérstaka skýrslu um þjóðhagsvarúð fyrir lok febrúar 2012.

Í kjölfar skýrslu Seðlabankans fékk efnahags- og viðskiptaráðuneytið þrjá sérfræðinga á sviði peningamálahagfræði til að gefa álit á skýrslu Seðlabankans og þeirri stefnu sem þar er lögð fram og má sjá skýrslurnar [á heimasíðu ráðuneytisins](#). Ráðuneytið hefur einnig leitað eftir skoðunum aðila vinnumarkaðarins á framtíð peningastefnunnar. Þá verður komið á fót nefnd fulltrúa allra stjórn málaflokka til að fjalla um mótun gengis- og peningamálastefnu. Beðið er tilnefninga í nefndina.

Peningamálastefna til framtíðar

Stjórn peningamála á Íslandi og peningamálastefna Seðlabanka Íslands þurfa endurmats við. Nýr skilningur á ytri áhættu svo sem hættunni af vaxtarmunarviðskiptum, breyttar forsendur þjóðarbúskapsins í heild og einarður vilji til afnáms hafta knýja á um endurskoðun frá grunni. Forsendur peningamálastefnu Seðlabankans frá 2001 verður að endurskoða í ljósi reynslu með gagnrýnum hætti. Umgjörð peningamálastjórnar frá 2009 ber einnig að bæta í ljósi reynslu. Grundvallarspurningar um gjaldmiðilinn sjálfan eru á borði Alþingis og ríkisstjórnar vegna aðildarumsóknar að Evrópusambandinu og vegna þess að ljóst er að íslenska krónan sem sjálfstæður gjaldmiðill verður í viðjum hafta með einum eða öðrum hætti framvegis. Tímasetningar afnáms hafta annars vegar og sóknarmarkmiða þjóðarbúsins hins vegar um aukinn stöðugleika verðlags og vaxta, verða að ganga upp saman þannig að efnahagsöryggi sé tryggt á óvissutímum. Um leið er ljóst að tapið af töfum við mörkun framtíðarstefnu kann að verða mikið.

Áætlun um afnám hafta

Unnið er að afnámi gjaldeyrishafta í samræmi við [áætlun um afnám hafta](#) sem [samþykkt var af ríkisstjórn 25. mars 2011](#). Nokkur breyting fólst þó í afgreiðslu Alþingis nú á haustþingi þegar tímamörk á afnámi gjaldeyrishafta voru styttn til ársloka 2013, þó að heimilt verði að viðhalda höftum lengur ef brýn nauðsyn krefur. Í tengslum við þessa afgreiðslu varð samkomulag um að efnahags- og viðskiptaráðherra skipi þverpólítíska nefnd sérfræðinga sem meti svigrúm til að flýta afnámsferlinu og veiti stjórnvöldum og Seðlabanka aðhald. Farið verður yfir lagaákvæði um gjaldeyrishöft og kannaðir möguleikar á að einfalda ákvæði laganna og fella út óþarfa íþyngjandi ákvæði.

10. Aðgerðir í tengslum við efnahagsáætlun

	Einstök verkefni í tengslum við efnahagsáætlun	Ábyrgð	Áætluð verklok
Fjárfestingar og starfsumhverfi atvinnulífs	1 Breytingar á tryggingargjaldi og atvinnuþryggingargjaldi	FJR	12.2011
	2 Orkustefna mótuð	IDN	12.2011
	3 Rammaáætlun um nýtingu orkuauðlinda	IDN	12.2011
	4 Fjármögnunarskilyrði lífeyrissjóða bætt með breytingum á lagaumgjörð þeirra	FJR	12.2011
	5 Ný lög um stjórn fiskveiða	SLR	12.2011
	6 Þingsáætlunartillaga um erlenda fjárfestingu	EVR	12.2011
	7 Endurskoðun löggjafar um erlenda fjárfestingu	EVR	06.2012
	8 Verkáætlun um aukna samkeppnishæfni	EVR	03.2012
	9 Endurskoðun laga um skattlagningu fyrirtækja til að jafna samkeppnisstöðu	FJR	06.2012
	10 Hvetja til nýsköpunar og fjárfestingar í menningar- og listagreinum með hagrænum kvötum	MRN	Ótímasett
	11 Skapa umgjörð fyrir bætt viðskiptahætti m.a. til að stöðva kennitölufلاك	EVR	02.2012
	12 Atvinnugreinaflokkun verði endurskoðuð m.a. til að skilgreina skapandi greinar	EVR,MRN,IDN	Hafið
	13 Átaksverkefnið "Allir vinna" framlengt	FJR	12.2012
	14 Lágmarka skattasniðgöngu í atvinnulífinu og hindra að slíkt festist í sessi	FJR	Hafið
	15 Atvinnustefna mótuð	IDN,LSR	07.2012
Opinber fjármál	16 Lagabreytingar varðandi skattlagningu einstaklinga starfandi í eigin félögum	FJR	Lokið
	17 Lagabreytingar vegna skattafrádráttar arðgreiðslna og söluhagnaðar á milli fyrirtækja	FJR	Lokið
	18 Endurskoðun laga um afdráttarskatt til erlendra aðila	FJR	Lokið
	19 Lög um dreifingu á greiðslu virðisaukaskatts og aðflutningsgjalda	FJR	Lokið
	20 Lagasetning er varðar mat á fyrirtækjum til stofns til skattlagningar auðlegðarskatts	FJR	Lokið
	21 Starfsendurhæfingarsjóður lögfestur og lífeyrissjóðir greiða í sjóðinn	VEL	Lokið
	22 Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki sinni eftirliti með eignamati viðskiptabankanna	SÍ,FME	Hafið
	23 FME setur nýjar reglur um áhættuvog vegna lána í vanskilum	FME	Lokið
	24 Uppbygging gagnasafns vegna stórra áhættuskuldbindinga	FME	Hafið
	25 Samræmd skýrslugjöf fjármál fyrirtækja til FME	FME	Hafið
	26 Fjármálareglur fyrir ríkissjóð	FJR	12.2011
	27 Fjármálareglur fyrir sveitarfélög	FJR,EVR,IRR	12.2011
	28 Aðlögun sveitarfélaga sem eru í verulegum vanda	FJR,IRR,EVR	12.2011
	29 Endurskoðun tekjuskatts einstaklinga	FJR	12.2011
	30 Reglur verði settar vegna tímabundinnar vinnu erlendis	FJR	12.2011
	31 Endurskoðun lagaumhverfis um skattlagningu fyrirtækja	FJR	12.2012
	32 Reglur um þunna eiginfjármögnum	FJR	12.2011
	33 Reglur um skattlagningu afleiðuviðskipta	FJR	12.2011
	34 Tekju- og eignatenging vaxta- og barnabóta endurskoðuð	FJR,VEL	12.2011
	35 Breytingar á bótafjárhæðum og persónuafslætti	FJR,VEL	12.2011
	36 Reglur um opinber innkaup verða endurskoðaðar	FJR	12.2011
	37 Veiðigjald hækkað	FJR,LSR	12.2011
	38 Lokaskrefið í innleiðingu kolefnisgjalds tekið	FJR,UMH	12.2011
	39 Samræmd skattlagning auðlinda	FJR	12.2011
	40 Fjármögnun sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu	FJR	12.2011

	Aðgerðir	Ábyrgð	Áætluð verklök
Vinumarkaður, menntun og velferð	41 Réttarstaða starfsmanna fyrirtækja sem tekin eru til gjaldþrotaskipta verði tryggð	VEL,FJR	12.2011
	42 Viðvarandi endurmat bótafjárhæða með hliðsjón af launaþróun	VEL,EVR	Hafið
	43 Endurskoðun almannatryggingarkerfisins	VEL	07.2012
	44 Stefnumótun í menntun m.t.t. þarfa atvinnulífs og áherslna í fjárfestingarstefnu	MRN	Hafið
	45 Fólki sem hefur fallið úr námi gert auðveldara að fara aftur í nám	MRN,VEL	Hafið
	46 Menntunarmöguleikar fyrir atvinnuleitendur verði stórefldir	MRN,VEL	Hafið
	47 Samræming lífeyrisréttinda	FJR,EVR	Hafið
	48 Barnatrygging sem leysi barnabóta- og barnalífeyriskerfin af hólmi verði lögfest	VEL,FJR	12.2012
	49 Unnið að útfærslu á húsnæðisbótakerfi sem komi í stað vaxta- og húsaleigubótakerfa	VEL,FJR	12.2012
	50 Umgjörð um húsnæðissamvinnufélög mótuð	VEL	06.2012
Skuldaaðlögun heimila og fyrirtækja	51 Sérstakt átak til þess að hraða afgreiðslu umsókna um greiðsluaðlögun	VEL	04.2012
	52 Íbúðalánasjóður ljúki afgreiðslu umsókna vegna 110% niðurfærslu skulda	VEL	04.2012
	53 Umgjörð Íbúðalánasjóðs endurskoðuð m.a. til að auka fjölbreytni í búsetuformi	VEL	Ótímasett
	54 Eftirlitsnefnd um sértæka skuldaaðlögun hefur verið eflad	EVR	12.2011
	55 Reglulegar skýrslur um stöðu skuldaúrvinnslu	EVR	Hafið
	56 Eftirlit með skilum á endurútreikni fjármálafyrirtækja	FME	Hafið
	57 Eftirlit með fjármálafyrirtækjum varðandi fyrirtæki sem þau leysa til sín	FME	Hafið
	58 Eftirlit með því að fjármálafyrirtæki skili fyrirtækjum ekki ofskuldsettum út úr skuldaúrvinnslu	SE	Hafið
Endurreist fjármálakerfi	59 Endurskoðun eiginfjárlutfalla viðskiptabankanna	FME	06.2012
	60 Skýrsla um endurskipulagningu fjármálamarkaðar	EVR	12.2011
	61 Fjármögnun fjármálastofnana	FJR,EVR	Lokið
	62 Styrkja á frekar varúðarreglur og eftirlit með efnahagsreikningum fjármálafyrirtækja	FME	06.2012
	63 Lög um Tryggingasjóð innstæðueigenda.	EVR	12.2011
	64 Unnið er að endurskoðun á umgjörð eftirlits á fjármálamarkaði	EVR,FME,SÍ	06.2012
	65 Ný eigendastefna ríkisins, sérstaklega m.t.t. framtíðar sparissjóðakerfisins	FJR,FOR,EVR	Hafið
	66 Minnka vægi verðtryggingar og skapa umgjörð fyrir óverðtryggð íbúðalán	EVR	Hafið
	67 Mótun á framtíðarumgjörð íbúðalánastarfsemi	EVR,VEL	06.2012
68 Endurskipulagning Íbúðalánasjóðs	VEL,EVR	06.2012	
Umgjörð peningastefnu og afnám gjalddeyrishafta	69 Lög um Seðlabanka Íslands endurskoðuð	EVR	03.2012
	70 Umgjörð peningastefnu á grundvelli áætlunar um losunar hafta	EVR,SÍ	06.2012
	71 Unnið verði að þróun þjóðhagsvarúðartækja og áætlun um umgjörð slíkra tækja kynnt	EVR,SÍ	02.2012
	72 Unnið verður að afnámi gjalddeyrishafta í samræmi við áætlun	EVR,SÍ	12.2013